

**124** með lagagildi fært hinar lögskipuðu kirkjubækur, ber að leggja fyrir búendur þá í Hólma-  
8. nóv. prestakalli, er hafa sagt sig út úr þjóðkirkjunni og eigi láta þjóðkirkjupresta skíra börn sín, að gefa sóknarpresti tilkynningu um fæðingardag þeirra og heiti.

**125** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um frumvarp alþingis til  
8. nóv. laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra. — Með þóknanlegu brjefi frá 24. sept þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra, sem samþykkt var á síðasta alþingi; en frumvarp þetta kom fram af þingmanna hálfu. Þjer hafið skýrt frá því, að þjer, sökum þeirrar mikilvægu niðurfærslu á eptirlaununum og aðalbreytinga þeirra á reglum fyrir veitingu eptirlauna, er frumvarpið fer fram á, hafið í báðum deildum alþingis mælt í móti, að frumvarp þetta yrði samþykkt, enda varð það í efri deild að eins með eins atkvæðis mun, og hafið þjer samkvæmt þessu ráðið frá því, að ráðgjafinn leitadi staðfestingar konungs á nefndu lagafrumvarpi.

Ráðgjafinn hefur heldur eigi getað álitid, að lagafrumvarp þetta ætti að verða að lögum. Einkum verður hann að álíta, að eptirlaun þau, er ákveðin eru í frumvarpinu handa embættismönnum, og sem eru miklum mun lægri en eptirlaun eptir nú gildandi lögum, sjeu með öllu ónóg til þess, að hlutaðeigendur jafnvel að eins geti dregið fram lífið, og þar eð nú fjárhagur landsins eigi virðist vera svo bágborinn, að ástæða sje til að gjöra slíka aðalbreytingu á eptirlaununum, sem frumvarpið fer fram á, og eptirlaunareglur þær, er frumvarpið ákveður, yfir höfuð verða að álitast mjög óhaganlegar, var hans hátign konunginum ráðið til þess, þegar ráðgjafinn kom fram með allraþegnsamlegasta tillögu sína um málið, að neita að staðfesta lagafrumvarpið, og hefur honum í dag allra-mildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

**126** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðaáætlun póstgufuskip-  
8. nóv. anna. — Eptir að hafa meðtekið frá yður, herra landshöfðingi, þóknanlegt brjef yðar frá 14. sept. þ. á., ásamt ályktun, er samþykkt var á alþingi um tilhögun á ferðum póstgufuskipanna, skrifadi ráðgjafinn hinu sameinaða gufuskipafjelagi og mæltist til þess, að það yrði við óskum alþingis að svo miklu leyti sem audið væri.

En eins og meðfylgjandi eptirrit af brjefi fjelagsins' með sjer ber, hefur það eigi

### 1) Hið sameinaða gufuskipafjelag.

*Kaupmannahöfn, 31. okt. 1883.*

Í tilefni af þóknanlegu brjefi hins háa stjórnarráðs frá 27. þ. m., og fylgiskjölum þeim, er því fylgdu, leyfum vjer oss að geta þess, er nú skal greina:

1. Af nýjum viðkomustöðvum, sem settar hafa verið á ferðaáætlun þá fyrir 1884, er stjórnarráðið sendi oss og sem eru:

Hornafjarðarós,  
Þorlákshöfn,  
Borðeyri og  
Reykjarfjörður

sjeð sjer fært að láta skipið koma á Hornafjarðarós, Þorlákshöfn og Borðeyri, og hefur heldur eigi viljað verða við þeirri ósk þingsins, að skipið væri látið fara kring um Ísland í elleftu ferðinni, en hefur lagt fyrir ráðgjafann uppástungu til ferðaáætlunar fyrir árið 1884, sem einkum er frábrugðin ferðaáætlun þingsins í greindum atriðum, og hefur ráðgjafinn hinn 5. p. m. samþykkt þessa uppástungu. 126  
8. nóv.

Þetta er eigi látið hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og er yður nú sent eitt exemplar af ferðaáætluninni, en af því, að enn er eigi búið að prenta hana, mun hin venjulega exemplaratala verða send með póstkípi því, er fer hjeðan í janúarmánuði næstkomandi.

verðum vjer algjörlega að neita að koma við á þremur hinum fyrstnefndu, en erum fúsir til að koma við á Reykjarfirði, eins og stungið er upp á. Á Hornafjarðarós og Þorlákshöfn verður eigi komizt á slíkum skipum, sem Laura er og Thyra, eptir þeim upplýsingum að dæma, sem vjer höfum útvegað oss, og um Borðeyri er það að segja, að enginn uppdráttur er til yfir sjóleiðina þangað og er það því mikil áhætta að fara þangað, eins og reynzlan hefur sýnt um hin ensku gufuskíp, er hafa reynt að komast þangað.

2. Að sleppa fyrirvara þeim, er hingað til hefur verið hafður um viðkomu skipanna á Stykkishólmi, Skagaströnd og Djúpvogi, myndi vera þýðingarlaust, því að það er auðvitað, að skipstjórnarnir munu eigi koma á staði þessa, þegar svo stendur á, að það er áhætta eða óráð, en sje það tilætlun þingsins að skipin skuli þá biða betra færís, eða með öðrum orðum annadhvort halda til hafs aptur eða leita sjer hljes annarsstaðar, allt þangað til þau geti komizt inn, hvernig svo sem á stendur, þá verðum vjer algjörlega að setja þvert nei við beiðni þingsins bæði vegna farþeganna og farangurs þess, sem með skipunum er til annara hafna, og af því að slík tóf gæti hæglega komið ruglingi á ferðirnar, sem væri langt um verra en hitt. Á hinum liðnu árum höfum vjer átt við mikla erfiðleika að berjast og sýnt, hve mjög oss er annt um að ferðunum verði svo vel fyrir komið, sem unnt er fyrir alla hlutadeigendur og fyrirvara þeim, er hingað til hefur hafður verið um komu skipanna á þessar þrjár nefndu stöðvar, hefur aldrei verið beitt til þess að sleppa, að koma þar við, þó þess hafi verið kostur.
3. Vjer sjáum oss heldur eigi fært, að verða við þeirri ósk, að skipið verði látið fara kring um Ísland á útleiðinni í elleftu ferðinni; á þeim árstíma eru dagarnir svo stuttir, að það er ómögulegt, að skipið geti lokið ferðinni á þeim ákveðna tíma, og þar af leiddi, að skipið kæmi of seint til þess að fara 12. og síðustu ferðina eptir ferðaáætluninni, og mætti jafnvel heita gott, ef það kæmist hingað aptur svo snemma, að það gæti farið vetrarferðina hjeðan þann 14. janúar.
4. Í öðrum lið þingsályktunarinnar er þess krafizt að 3. pláss skuli vera á skipunum, en það sjáum vjer oss eigi fært, en hyggjum þar á móti, að nægilegt og gott rúm sje á 1. og 2. plássi á skipum þeim, er vjer notum til ferðanna, og þilfarsfarþegar geta ætið, ef illt er veður, leitað sjer skjóls undir yfirbyggingu skipanna eða þá á miðþilfarinu.
5. Að því er að lokum snertir 3. lið þingsályktunarinnar, þá hafa allar kröfur hinnar fyrri þingsályktunar verið teknar til greina nema sú, að farþegar á 1. plássi sjeu lausir við að gjalda fæðispeninga fyrir dag hvern á strandferðunum kring um Ísland. Þessa kröfu getum vjer nefnilega eigi adhyllst af tilliti til annara farþega á 1. plássi og til þess, að þar viðhaldist góð regla. Þar á móti eru síðan 1881 bæði farþegar á 2. plássi og þilfarinu að eins skyldir að borga það, sem þeir biðja um á strandferðunum kring um Ísland, eins og sjest af 5. athugasemd verðskrárinnar (Passagetax) bls. 3.

Samkvæmt framanskráðu sendum vjer hjermeð ferðaáætlun fyrir 1884, er vjer vonum að hið háa stjórnarráð þóknalegast samþykki; vjer höfum eins og í fyrra sett á ferðaáætlunina 2 aukferðir hjeðan til Reykjavíkur (6. og 8. ferð) þótt vjer eigi fáum neina þóknun fyrir þær.

Fyrir hönd hins sameinaða gufuskípafljags.

C. P. A. Koch.